

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2004

frá 8. júní 2004

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/558/EB frá 25. júlí 2003 um vinnslu í rafrænum fjarskiptanetum á upplýsingum um staðsetningu þess sem hringir að því er varðar staðsetningartengda neyðarsímsvörunarþjónustu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/548/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5co. **32003 H 0558:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/558/EB frá 25. júlí 2003 um vinnslu í rafrænum fjarskiptanetum á upplýsingum um staðsetningu þess sem hringir að því er varðar staðsetningartengda neyðarsímsvörunarþjónustu (Stjtíð. ESB L 189, 29.7.2003, bls. 49).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2003/558/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 189, 29.7.2003, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.